



Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti
b.t. skrifstofu stefnumörkunar og alþjóðasamskipta
Reykjastræti 6
101 Reykjavík
hvin@hvin.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 21. nóvember 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að aðgerðaáætlun um gervigreind 2024-2026, mál S-223/2024

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að aðgerðaáætlun um gervigreind 2024-2026. Samtökin fagna því að komin sé fram aðgerðaáætlun um gervigreind enda mun skýr stefna og markvissar aðgerðir styrkja samkeppnishæfni Íslands og skapa fjölda tækifæra til nýsköpunar og verðmætasköpunar. Samtökin telja mikilvægt að huga enn frekar að innviðum gervigreindar og hlutverki stjórnvalda í að stuðla að samkeppnishæfni Íslands hvað varðar fjárfestingu í stafrænum innviðum, þar með talið reiknigetu. Þar þarf að huga að tryggu framboði af raforku og fyrirsjáanlegu laga- og skattaumhverfi.

Ísland stendur frammi fyrir stóru tækifæri í tengslum við stórauðna eftirspurn eftir reiknigetu vegna gervigreindar. Það er að hluta undir stjórnvöldum komið hvort Ísland verði leiðandi á þessu sviði eða dragist aftur úr helstu nágrannaríkjum. Þess má geta að unnið er að markvissum aðgerðum í tengslum við vöxt gervigreindar á hinum Norðurlöndunum og erlend fjárfesting í upplýsingatækni, gagnaversiðnaði og fjarskiptum hefur verið mikil þar.

Þróun, nýting og vinnsla gervigreindar getur haft afgerandi jákvæð áhrif á íslenskt atvinnulíf og samfélag á næstu árum. Huga þarf að samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði og samtökin telja aðgerðaáætlunina gott fyrsta skref í því. Þá taka samtökin undir þær grunnstoðir gervigreindar sem eru skilgreindar í aðgerðaáætluninni.

Samtökin vonast til þess að ný ríkisstjórn setji þessi mikilvægu mál í algjöran forgang á næstu árum og fylgi eftir aðgerðaáætlun um gervigreind og óska eftir áframhaldandi nánu samráði og samstarfi í tengslum við hana.



Virðingarfyllst,
f.h.

Erla T. Stefánsd.

Erla Tinna Stefánsdóttir
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasiði

Gunnar Sigurðarson

Gunnar Sigurðarson
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasiði